


Umhverfisstofnun
SA KG SI SDK
10. sep. 2012
8,12.!
V571012090002!

Reykjavík, 10. september 2012.

Umhverfisstofnun
b.t. Sigrúnar Ágústsdóttur, sviðsstjóra
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Vísað er til bréfs Fiskeldis Austfjörðum ehf., kt. 541185-0389, til Umhverfisstofnunar, dags. 6. september s.l. Í umræddu bréfi var óskað endurupptöku ákvörðunar um starfsleyfi. Eins og rakið er í bréfi Fiskeldis Austfjörðum ehf. til stofnunarinnar telur félagið skilyrði endurupptöku ákvörðunar um starfsleyfi fyrir hendi. Ákvæði lokamálsliðar 2. mgr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 kveður á um að mál verði ekki endurupptekið ef lengri tími en ár er liðið frá tímamörkum ákvörðunar nema veigamiklar ástæður mæli með því.

Vegna þessa vill Fiskeldi Austfjörðum ehf. leggja áherslu á í **fyrsta lagi** að ákvörðun um endurupptöku hefur ekki áhrif á réttindi eða réttarstöðu annarra aðila enda fyrirtækið eitt aðili máls. Endurupptaka ákvörðunar rýrir því hvorki stöðu annarra aðila né kalla á að samráð verði viðhaft í tengslum við meðferð máls. Því er óumdeilt að ekki þurfí að kalla eftir samþykki annarra aðila máls en þegar hefur verið gert. Í **öðru lagi** mæla veigamiklar starfs- og rekstrarlegar ástæður með endurupptöku ákvörðunar. Fyrir liggur að eigendaskipti standa yfir á féluginu og sýnt þykir að starfs- og rekstrarlegar forsendur sem starfsemi sú, sem starfsleyfi byggði á, eru ekki jafn hagkvæmar og ef ákvörðun um endurupptöku starfsleyfis gengur eftir. Í **þriðja lagi** bendir félagið á að í ljósi atvika máls, einkum þess að ekki sé öðrum aðilum máls til að dreifa sem og að veigamiklar starfs- og rekstrarlegar ástæður mæli með endurupptöku ákvörðunar um starfsleyfi, séu heimildir Umhverfisstofnunar til ákvarðanatöku rýmri en ella. Ljóst má vera að endurupptaka ákvörðunar samrýmist hagsmunum aðila máls og miðar að því að tryggja áframhaldandi uppbyggingu þeirrar starfsemi sem um ræðir. Í **fjórða lagi** bendir félagið á að yrði sú kvöð lögð á Fiskeldi Austfjörðum ehf. að sækja um starfsleyfi að nýju myndi það verða gríðarlega íþyngjandi fyrir félagið og kalla á grundvallarbreytingar á rekstrarforsendum þess. Slíkt ferli myndi taka 6-8 mánuði og myndi leiða til þess að fresta þyrfti seiðakaupum, breyta þyrfti fjármögnun félagsins, taka þyrfti upp rekstrarsamninga og samninga við starfsmenn og slátra fiski sem þegar er tilbúinn að fara út í kvíar. Áhrif þessa yrðu mikil fyrir félagið sjálft sem og uppbyggingu fiskeldis á Austfjörðum.



Fiskeldi Austfjörðum ehf. leggur áherslu á að eldi félagsins er umhverfisvænt og er það í samræmi við umhverfisstefnu Djúpavogshrepps. Í þessu felst m.a. að gefið er einungis lífrænt vottað fóður sem hefur ekki áhrif á umhverfi sitt og ekki eru notuð lyf við eldið.

Með vísan til framanritaðs er þess óskað að Umhverfisstofnun endurupptaki ákvörðun um starfsleyfi eins og nánar er fjallað um í fyrra bréfi til stofnunarinnar, dags. 6. september s.l.

Virðingarfullst,
f.h. Fiskeldis Austfjörðum ehf.

Þóður Þóðarson, hdl.